

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 115, 13. febrúar 2006, um þorskfisknet.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. fellur brott.

2. gr.

4. gr. breytist þannig:

- a. Í stað orðanna „Allir netadrekar“ í 1. mgr. komi: Allar niðurstöður.
- b. Í stað orðsins „netadrekan“ í 1. mgr. komi: niðurstöðurnar.
- c. Í stað orðsins „netadrekar“ í 4. mgr. komi: niðurstöður.

3. gr.

Á eftir 7. gr. reglugerðarinnar kemur ný grein er verður 7. gr. a, svohljóðandi:

Óheimilt er að stunda veiðar með þorskfisknetum og grásleppunetum á sama tíma.

Séu stundaðar veiðar á skötusel samtímis veiðum með þorskfisknetum vísast til reglugerðar um veiðar á skötusel í net.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 5. nóvember 2012 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 5. október 2012.

F. h. r.

Jóhann Guðmundsson.

Arnór Snæbjörnsson.